



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 20. júní, 2013

Ákvörðun nr. 21/2013

Kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á öllu hlutafé í Stíganda ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 13. júní 2013 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum Vinnslustöðvarinnar hf. á 100% hlutafjár í Stíganda ehf. Helstu eignir Stíganda eru eitt togskip ásamt fylgibúnaði og aflaheimildir. Kaupsamningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki hluthafafundar Vinnslustöðvarinnar á samningnum. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í kaupsamningi kemur fram að afhending fari ekki fram fyrir en Samkeppniseftirlitið hefur veitt samþykki sitt fyrir kaupunum til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í ársreikningi fyrir árið 2011 kemur fram að Vinnslustöðin er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem stofnað var árið 1946 og er fyrirtækið staðsett í Vestmannaeyjum. Félagið er með fjölbreyttan rekstur og gerir út fjögur togskip, tvo netabáta og þrjú uppsjávarskip sem og eitt uppsjávarfrystiskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfiskverkun, humarvinnslu, og frystingu bolfisks og uppsjávarfisks. Félagið rekur einnig fiskimjölsverksmiðju og er samstæðan með skipaafgreiðslu og



umboðssölu fyrir sölu og útflutning sjávarafurða. Tilgangur félagsins er samkvæmt samþykktum þess að starfrækja fiskvinnslu og útgerð fiskiskipa á sem fjölbreytilegastan hátt, til endursölu á hagkvæmstu mörkuðum, innlendum sem erlendum. Tilgangurinn er innig kaup á hvers konar sjávarafli til vinnslu og endursölu. Þá er einnig verslun og þjónusta tengd aðalstarfsemi félagsins, svo og rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa og annar skyldur atvinnurekstur. Fimm stærstu hluthafar í Vinnslustöðinni samkvæmt samrunatilkynningu eru tilgreindir í töflu 1.

Tafla 1. Fimm stærstu hluthafar í Vinnslustöðinni

Nafn hluthafa	Eignarhlutur %
Stilla útgerð ehf.	25,91
Seil ehf.	24,80
Öxnafell ehf.	6,23
Leifur Ársælsson	6,16
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	5,32

Um eignir Vinnslustöðvarinnar í öðrum félögum segir í samrunatilkynningu:

„Vinnslustöðin hf. á 100% hlut í About Fish ehf og About Fish GmbH sem sérhæfa sig í sölu fiskafurða, en stunda hvorki veiðar né vinnslu. About Fish hefur annast sölu á bolfisks- og uppsjávarafurðum Vinnslustöðvarinnar hf. Vinnslustöðin á 100% hlut í Skipaafgreiðslu Vestmannaeyja ehf. Skipaafgreiðslan sinnir útskipun og uppskipun úr skipum Vinnslustöðvarinnar auk þess sem Skipaafgreiðslan annast þjónustu við önnur sjávarútvegsfyrirtæki í Vestmannaeyjum. Vinnslustöðin á jafnframt 48% hlut í Huginn ehf sem á og rekur eitt uppsjávarskip, en kemst ekki inn á yfirlit yfir 50 stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins út frá úthlutuðu aflamarki. Þá á Vinnslustöðin 98,36% hlut í Uppsjávarfisk ehf. og 100% hlut í Kap ehf. en framangreind félög voru stofnuð til að halda utan um söluskrifstofu Vinnslustöðvarinnar í Rússlandi. Vinnslustöðin á 25% hlut í Löngu ehf en fyrirtækið verkar þurrkaðan fisk til sölu á markaði erlendis. Vinnslustöðin á einnig 34% hlut í Rannsóknarþjónustu Vestmannaeyja ehf sem er alhliða rannsóknastofa sem býður upp á prófanir, ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki og fóðurvöruframleiðendur.“

Stígandi er útgerðarfélag með aðsetur í Vestmannaeyjum sem á og rekur eitt togskip sem einkum og aðallega hefur verið gert út á bolfiskveiðar. Engin fiskvinnsla er rekin af Stíganda. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er útgerð fiskiskipa, kaup og sala á sjávarfangi, umsýsla fyrir útgerðarfélög, svo og rekstur fasteigna, lánstarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur í tengslum við aðalstarfsemi félagsins. Eigendur félagsins samkvæmt samrunatilkynningu eru tilgreindir í töflu 2.



Tafla 2. Hluthafar Stíganda

Nafn hluthafa	Eignarhlutur %
Víktor Berg Helgason	12,5
Stefanía Þorsteinsdóttir	12,5
Þorsteinn Víktorsson	25
Db. Helga Bergs Víktorssonar	25
Gunnar Berg Víktorsson	25

Stígandi á hlutabréf í Snæis hf., Fiskmarkaðnum ehf. og H. Sigmundssyni ehf. en ekki er um ráðandi hluti að ræða.

Með kaupsamningi, dags. 16. maí 2013, keypti Vinnslustöðin aflahlutdeildir Stíganda ásamt togara félagsins Stíganda VE 77 ásamt búnaði og veiðarfærum og tók yfir skuldbindingar félagsins að frádregnum veltufjármunum umfram skammtímaskuldir og erlenda verðbréfaeign.

Af þessu má ráða að í máli þessu er um að ræða samruna sem felst í því að Vinnslustöðin eignast í aðalatriðum aflahlutdeild og eitt fiskiskip sem áður voru í eigu útgerðarfyrirtækisins Stíganda.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati samrunaaðila starfa Vinnslustöðin og Stígandi bæði undir íslenskum lögum um stjórn fiskveiða og selja afla og afurðir sínar ýmist á mörkuðum erlendis og hérlendis. Þannig selur Vinnslustöðin afla og afurðir sínar ýmist unnar eða óunnar til Evrópu, Ameríku og Asíu og sér félagið að mestu sjálft um sölu þeirra. Stígandi selur afla sinn hins vegar aðeins óunninn til fiskmarkaða, beint til fiskvinnslu hér á landi eða beint á erlenda markaði í gegnum milligönguaðila og þá einkum og aðallega til Evrópu.

Fram kemur í samrunatilkynningu að Vinnslustöðin telji best að líta til markaðsstöðu sjávarútvegsfyrirtækja eftir úthlutuðu aflamarki í þorskígildum þegar staða fyrirtækja á markaði sé metin. Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar mældar í þorskígildum eru 4,36% af heildaraflaheimildum í íslenskri lögsögu. Reiknað á sama hátt er Stígandi með 0,33% af heildaraflaheimildunum. Nánar um aflaheimildir má sjá í töflu 3.



Tafla 3. Aflahlutdeild eftir þorskígildum þann 21. janúar 2013, hámarksaflahlutdeild sbr. 13. gr. laga um stjórn fiskveiða sýnd í sviga

Fyrirtæki	Alls (12%)	Þorskur (12%)	Ýsa (20%)	Ufsi (20%)	Karfi (35%)	Grálúða (20%)	Síld (20%)	Loðna (20%)
Vinnslustöðin hf.	4,36%	2,59%	3,64%	5,93%	6,69%	2,55%	9,98%	10,25%
Stígandi ehf.	0,33%	0,23%	1,03%	0,46%	0,81%	0,00%		
Alls eftir samruna	4,69%	2,82%	4,67%	6,39%	7,50%	2,55%	9,98%	10,25%
Samherji Ísland ehf.	7,31%	6,36%	4,06%	4,63%	8,20%	13,39%	13,31%	9,19%
Gjögur hf.	1,90%	1,23%	1,49%	1,83%	2,06%	0,32%	10,23%	2,66%
Útgerðarfélag Akureyringa ehf.	1,57%	3,64%	1,36%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
HB Grandi hf.	11,95%	4,97%	6,60%	17,56%	31,92%	13,17%	11,09%	18,68%
Þorbjörn hf.	4,73%	5,16%	4,59%	6,54%	5,16%	8,19%	0,00%	0,00%
FISK-Seafood ehf.	4,59%	4,42%	4,55%	4,12%	7,60%	9,93%	0,00%	0,00%
Síldarvinnslan hf.	4,31%	1,42%	1,95%	2,85%	1,61%	2,94%	15,53%	15,99%
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	3,91%	1,60%	2,29%	3,16%	1,65%	0,04%	13,13%	19,99%
Brim hf.	3,90%	1,07%	2,86%	5,75%	7,63%	19,99%	0,00%	0,00%
Skinney-Þinganes hf.	3,87%	3,45%	3,13%	3,48%	0,63%	0,66%	18,97%	8,14%

Heimild: Fiskistofa

Í samrunatilkynningunni kemur fram að upplýsingar um markaðshlutdeild félaganna á erlendum mörkuðum hafi félögin ekki nema að litlu leyti. Fullyrt er þó að sú markaðshlutdeild sé í öllum tilvikum óveruleg. Miðað við hlutdeild félaganna í aflaheimildum á Íslandi og stærð þeirra marka, sem félögin starfa á erlendis, sé það mat Vinnslustöðvarinnar að umrædd kaup félagsins á Stíganda muni ekki raska samkeppni. Tekið er fram að hvorki Vinnslustöðin né Stígandi hafi markaðsráðandi stöðu á viðkomandi mörkuðum og muni staða Vinnslustöðvarinnar styrkjast óverulega við kaup félagsins á Stíganda. Þá er þess einnig getið að við mat á samrunanum ætti að hafa í huga að bæði fyrirtækin starfi í Vestmannaeyjum og að engin breyting sé fyrirhuguð þar á.

Samkeppniseftirlitið telur að fleiri markaðir komi við sögu í þessu máli en getið er um í samrunatilkynningu samrunaaðila hér að framan. Þeir markaðir sem um ræðir eru að mati Samkeppniseftirlitsins veiðar á botnfisk¹ og ráðstöfun þess afla innanlands til eigin vinnslu eða þriðja aðila, til fiskmarkaða eða í beinan útflutning. Þá varði viðkomandi samruni einnig markað fyrir aflaheimildir á botnfiski.

Samkeppniseftirlitið er ekki sammála samrunaaðilum um að landfræðilegur markaður málsins varði erlenda markaði en eins og getið er um hér að framan þá starfa bæði félög undir íslenskum lögum um stjórn fiskveiða nr. 16/2006. Í gildandi lögum um stjórn fiskveiða nr. 16/2006 segir m.a. í 2. gr. eftirfarandi:

¹ Notast er við samheitið botnfiskur fyrir fisktegundir sem veiddar eru í botnvörpu eða á línu, þ.e. þorsk, ýsu, ufsa, krafa, grálúða og annan flatfisk. Í samrunatilkynningu eru þessar tegundir einnig nefndar bolffiskur.



„Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um. Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.“

Tekur framangreint bæði til botnfiskveiða og uppsjávarveiða íslenskra fiskiskipa. Þá segir í 5. gr. fiskveiðistjórnunarlaga að við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafi haffærisskírteini og skrásett séu á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Stígandi selji afla sinn aðeins óunninn til fiskmarkaða eða beint til fiskvinnslu hér á landi og hafi auk þess milligönguáðila um sölu á afla sínum beint á erlenda markaði. Í ljósi þess m.a. mun Samkeppniseftirlitið afmarka markaði málsins við veiðar og hvernig afla er ráðstafað eftir að honum er landað hér innanlands. Markaðsskilgreining Samkeppniseftirlitsins í þessu máli nær því ekki til milliliða eða sölufyrirtækja eftir að aflanum hefur verið ráðstafað frá útgerðinni og frekari vinnsla hans hefur átt sér stað. Málið varðar starfsemi útgerða á Íslandi sem felur í sér fiskveiðar á grundvelli veiðheimilda sem er úthlutað skv. lögum nr. 16/2006 og innbyrðis viðskipti með þær og ráðstöfun á þeim afla þegar honum er landað hér á landi.

Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að landfræðilegir markaðir þessa máls eigi við um Ísland.²

Tafla 4 sýnir markaðshlutdeild samrunaaðila fyrir landaðan botnfiskafla í samanburði við þrjá helstu keppnauta á almannaksárinu 2012.

Tafla 4. Markaðshlutdeild í veiðum á botnfiski miðað við magn af hverri tegund og alls af óslægðum fiski upp úr sjó sem landað var á Íslandi á árinu 2012

Lögaðili/Tegund	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Alls
Vinnslustöðin hf.	1,8%	2,0%	3,8%	4,7%	2,7%	2,6%
Stígandi ehf.	0,3%	0,7%	0,4%	0,3%	0,0%	0,4%
Alls eftir samruna	2,1%	2,7%	4,1%	5,0%	2,7%	3,0%

Heimild: Fiskistofa

EKKI ER AÐ SJÁ AÐ SAMRUNAAÐILAR HAFI MARKAÐSRÁÐANDI STÖÐU Á VIÐKOMANDI MARKAÐI AF MARKAÐSHLUTDEILD AÐ DÆMA OG MUN STAÐA ÞEIRRA STYRKJAST ÓVERULEGA VIÐ SAMRUNANN. AF

² Sjá skilgreiningu markaða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.*



öllum veiddum botnfiski (þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu) hafa samrunaaðilar 3,0% markaðshlutdeild í samanlögðum veiðum viðkomandi tegunda.

Í töflu 5 má sjá þrjá markaði fyrir ráðstöfun útgerða á veiddum botnfiskafla, þ.e. til eigin vinnslu eða þriðja aðila innanlands, flutt út eða selt á fiskmarkaði innanlands. Eins og sjá má er hlutdeild Vinnslustöðvarinnar og Stíganda innan við 5% á viðkomandi mörkuðum hvort sem er fyrir eða eftir viðkomandi samruna.

Tafla 5. Markaðshlutdeild eftir því hvernig botnfiskafla er ráðstafað á markaði eftir að á land er komið. Reiknað út frá magni af óslægðum afla alls upp úr sjó árið 2012

Lögaðili/Ráðstöfun afla	Í eigin vinnslu eða selt þriðja aðila	Flutt beint út	Fiskmarkaður
Vinnslustöðin hf.	3,1%	1,1%	2,2%
Stígandi ehf.	0,2%	0,7%	0,1%
Alls eftir samruna	3,3%	1,8%	2,3%

Heimild: Fiskistofa

Ekki er að sjá að Vinnslustöðin eða Stígandi séu í markaðsráðandi stöðu á viðkomandi mörkuðum miðað við það sem fram kemur í töflu 5 fyrir eða eftir viðkomandi samruna. Af ráðstöfuðum afla útgerða til eigin fiskvinnslu eða til þriðja aðila er hlutdeild samrunaaðila 3,3% sé Stígandi meðtalinn. Hlutdeild samrunaaðila af beinum útflutningi útgerða er 1,8% og af afla sem fer á fiskmarkaði innanlands er hlutdeild samrunaaðila 2,3% og er Stígandi þar meðtalinn.

Í töflu 6 má sjá vægi samrunaaðila af heildar kaupum og sölu aflaheimila í botnfiski á árinu 2012.

Tafla 6. Kaup og sala aflaheimilda í botnfiski á árinu 2012 reiknað eftir magni alls

Lögaðili	Sala	Kaup
Vinnslustöðin hf.	3,8%	1,6%
Stígandi ehf.	0,5%	0,2%
Alls eftir samruna	4,3%	1,8%

Heimild: Fiskistofa

Hlutdeild samrunaaðila af keyptum aflaheimildum í botnfiski var um 1,8% á árinu 2012 og af seldum aflaheimildum um 4,3% á sama tíma. Af framangreindum upplýsingum að dæma telur Samkeppniseftirlitið að ekki sé hægt að meta viðkomandi aðila í markaðsráðandi stöðu á viðkomandi markaði sem felur í sér viðskipti með aflaheimildir í botnfiski.



Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að sá samruni sem felst í kaupum Vinnslustöðvarinnar á 100% hlutfjár í Stíganda ehf, þar sem helstu eignir félagsins eru eitt togskip með öllum fylgibúnaði ásamt aflaheimildum sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 16. maí 2013, keypti Vinnslustöðin hf. 100% hlutfjár í Stíganda ehf., þar sem helstu eignir félagsins eru eitt togskip með öllum fylgibúnaði ásamt aflaheimildum. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson